

KJARASAMNINGUR
milli
RSÍ og FIT
og
HS Veitna hf.

1. gr.

Kjarasamningur þessi gildir til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Launabreytingar

Kauptaxtar kjarasamnings hækka á samningstímabilinu sem hér segir:

1. apríl 2019	kr. 17.000
1. apríl 2020	kr. 24.000
1. janúar 2021	kr. 24.000
1. janúar 2022	kr. 25.000

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019 131.000 kr.

Uppbótin hækkar um 2,5% árlega eftir það árin 2020 – 2022.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 71.500.

Uppbótin hækkar um 2,5% árlega eftir það árin 2020 – 2022.

4. gr.

Stytting og skipulag vinnutíma

Þann 1. janúar 2020 styttist vinnutími og verður 36 klst. virkar á viku m.v. fullt starf án skerðingar dagvinnulauna. Sjá yfirlýsingu um framkvæmd.

Þann 1. apríl 2020 breytist deilitala dagvinnutímakaups og verður 156 m.v. 36 klst. virka vinnuviku. Breytingin felur í sér að greiðslur fyrir kaffitíma skv. kjarasamningi færast yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma, sbr. nánar skýringar í aðalkjarasamningi SA og stéttarféлага iðnaðarmanna.

KEB
B.F.I.
VG

5. gr.

Breytingar á einstökum ákvæðum kjarasamninga

Við ákvæði um veikindi barna bætist nýr málslíður:

Sama á við um börn undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkráðsvistar a.m.k. einn dag.

6. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. maí 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. maí sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Reykjanesbæ, 25. nóvember 2019

F.h. RSÍ og FIT

Sölviur Tómann

Valtair Guðbráðs

Björgvin Þór Jónsson

Kristján Elcheim Þorgeirsson

[Handwritten signature]

F.h. HS Veitna hf.

 *[Handwritten signature]*
HS Veitna hf.
431288-0590
Brekustíg 3B
280 Reykjanesbær

Yfirlýsing HS Veitna hf. um framkvæmd vinnutímastyttingar

HS Veitur hafa ákveðið, eftir samráð við fulltrúa starfsmanna, að vinnutími verði stytur um eina klst. á föstudögum, þ.e. frá kl. 15:00 til 14:00 þar sem það á við og frá kl. 13:00 til 12:00 þar sem það á við.

Yfirlýsing HS Veitna hf. um breytt verklag

HS Veitur munu ganga frá verklagsreglu varðandi bakvaktir m.a. hvernig lágmarkshvöld verði náð, hvenær „áreiti“ sé það mikið að það teljist vinna o.s.frv.


Ákvæðum rekstrarhandbókar um orlof verður breytt. Ákvæði sem hljóðar svo: „Ef vegna sérstakra aðstæðna starfsmaður getur ekki tekið út allt orlof skv. ofangreindu skal það skoðað sérstaklega.“ fellur brott en í þess stað kemur eftirfarandi: „Ef starfsmaður getur ekki tekið út allt orlof skv. ofangreindu vegna sérstakra aðstæðna svo sem álags í vinnu, veikinda o.s.frv. skal það skoðað sérstaklega.“

Bókun um gerð sameiginlegs heildarkjarasamnings

Aðilar stefna að því að gera sameiginlegan heildarkjarasamning milli HS Veitna annars vegar og RSÍ og FIT hins vegar og ljúka þeirri vinnu fyrir lok apríl 2020.

Bókun um endurskoðun bakvaktaákvæða

Aðilar eru sammála um að vinna að samræmingu bakvaktaákvæða í þeim kjarasamningum sem HS Veitur hf. eru aðilar að við stéttarfélög starfsmanna. Stefnt er að því að ljúka vinnu fyrir lok apríl 2020.


KED
B.-D.-F
